

Þingskjal 192 – 161. mál

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá innanríkisráðuneytinu til sýslumannsembætta og annarra embætta og stofnana.

Breyting á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum

11. grein frumvarpsins í III. kafla hljóðar svo

Við 60. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Úrskurður sýslumanns samkvæmt þessu ákvæði er endanlegur og verður ekki kærður til ráðherra.

Eftir skoðun á ákvæði þessu vill sýslumannsembættið í Reykjavík senda Alþingi eftirfarandi athugasemd:

Athugasemd við þá tillögu í frumvarpinu að taka út kæruleið til æðra stjórnvalds vegna mála samkvæmt 60. gr. barnalaga.

Vísa má til málsgreinar í almennu athugasemdunum **í þessu sama frumvarpi** þar sem segir „Er þetta fyrirkomulag um tvö stjórnslustig í samræmi við þau meginviðhorf í stjórnslurétti að aðili stjórnslumáls geti fengið stjórnvaldsákvörðun endurskoðaða hjá öðru stjórnvaldi en því sem ákvörðunina tók.“

Þessi nýja regla yrði í ósamræmi við það að allar aðrar ákvarðanir sýslumanns skv. barnalögum eru kærnlegar, (þó lítil undantekning í 52. gr. sem nær aldrei hefur reynt á).

Tillagan er aðeins rökstudd með því að litlir hagsmunir séu í húfi. Ákvarðanir um sérstakt framlag geta snúist um mörg hundruð þúsund (tannréttigamál) og nú í seinni tíð hafa verið kveðnir upp úrskurðir í ráðuneytinu sem hafa breytt eldri framkvæmd um að fjárhagur gagnaðila skipti nær engu máli við úrlausnina. Núna eru komin dæmi um tillit til fjárhags, en engar viðmiðanir í gildi um hve langt á að ganga í þeim efnum. Þarna er því óvissa í framkvæmdinni sem mælir gegn því að takmarka kæruleið.

Ef á annað borð þykir „samrýmast meginviðhorfum í stjórnslurétti“ að takmarka möguleika á kæru til æðra stjórnvalds, þá væri skoðandi að koma með reglu um lágmarksupphæð á þeim fjárhagslegu hagsmunum sem þyrftu að vera í húfi svo að kæruleið væri fær. Þá gæti reglan átt við um alla úrskurði sýslumanns skv. IX. kafla barnalaga um framfærslu.

Ekki er lagt til að taka út kæruleið varðandi annað en sérframlagið, en það er þó mun auðveldara að rökstyðja að ekki þurfi að vera heimild til að kæra úrskurði sýslumanns er varða t.d. utanlandsferð barns skv. grein 51.a eða farbann skv. grein 47. gr. a. Sama á við um ákvarðanir sýslumanns um að synja um úrlausn skv. 72. gr.

Guðmundur Sophusson sýslumaður
Eyrún Guðmundsdóttir deildarstjóri

